

SORPA bs

Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 432 föstudaginn 28. ágúst 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund.

- Gangsetning MTFS. Allur vélbúnaður er kominn upp og hefur verið prófaður með og án efnis. Unnið er að stillingum á búnaði til að sannreyna afkastagetu og skilvirkni. Straumurinn af léttu efni sem skilið er frá í vindskiljum er nokkuð hreinn og virkni þeirra virðist ágæt en þó eru óleyst ákveðin atriði í stjórnþúnaði og öryggismálum. Í upphafi síðustu viku skilaði Mannvit áætlun sem sýnir verklok og afhendingu á byggingunni og vélþúnaðinum til Sorpu til rekstrar þann 15. september. Á þeim tíma verður búíð að ganga frá þáttum sem varða rafþúnað, varnarþúnað, neyðarstopp og handrið við þúnaðinn. Tafir á gangsetningu þúnaðarins hafa orðið af ýmsum ástæðum en Covid19 á stóran þátt. Til dæmis var erfitt að fá fulltrúa erlendra birgja til að vera viðstaddir gangsetningu og stillingar á aðkeyptum þúnaði í vor og sumar. Prófanir með þúnaðinn hafa staðið yfir á liðnum vikum. Samkvæmt forskrift eiga sigtin að aðskilja frá meginstraumnum allt sem er undir 80 mm og senda til gasgerðar, en það sem er yfir 80 mm fer áfram og flokkast í vindskiljum í létt efni og þungt efni. Þessi virkni virðist vera góð og þúnaðurinn virðist uppfylla þau skilyrði um flokkun sem lögð voru til grundvallar og Aikan setti fram eða samþykkti. Þetta þýðir þó alls ekki að þúnaðurinn skili eingöngu lífrænu sorpi í straumnum sem fer til gasgerðar, enda hefur þetta komið berlega í ljós. Tilraunir sem farið hafa fram sýna að nauðsynlegt er að ráðast sem fyrst í að setja upp staðbundna pressu fyrir plast í stað pressugáma, sem eru strax farnir að marka í gólfið sökum þyngdar. Pressugámarnir kalla á að vinnslulínurnar séu stöðvaðar nokkrum sinnum á dag meðan skipt er um gám og þetta dregur mjög úr skilvirkni og afköstum.
- Gangsetning GAJA hefur farið hægar af stað en til stóð. Ástæður eru tvær, gangsetning MTFS hefur tafist eins og lýst er hér að ofan. En ekki síður hefur gangsetning GAJA tafist vegna þess að þegar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur var tilbúið að gefa út starfsleyfi stöðvarinnar kom upp ágreiningur milli eftirlitsins og Umhverfisstofnunar um það hvor stofnunin ætti að gefa út starfsleyfið. Þeirri deilu lyktaði með því að ráðherra umhverfismála kvað upp úr með að Umhverfisstofnun skyldi gefa út starfsleyfið. Þar með leit út fyrir að 12 mánaða vinna samlagsins með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur við undirbúning starfsleyfis væri til einskis. Eftir fjögurra vikna þóf um málið gaf ráðherra undanþágu til að hefja mætti vinnslu í GAJA en við útgáfu undanþágunnar var vinnsla starfsleyfisins komin á fullt skrið í Umhverfisstofnun sem hefur m.a. náð að byggja á þeim gögnum sem orðið höfðu til á liðnum 12 mánuðum og þegar þetta er ritað er undirbúningur endanlegs starfsleyfis í fullum gangi og þess vænst að það verði gefið út snemma á haustmánuðum. Þegar þetta er ritað hefur verið tekið við 4 förmum eða tæpum 60 tonnum frá MTFS frá því að tilraunavinnsla hófst 6. ágúst. Þessir farmar hafa verið meðhöndlaðir samkvæmt vinnsluferlum stöðvarinnar og er gasgerðarferli hafið í vinnslukró. Gangsetning fyrri gerjunartanks GAJA hófst 13. júlí. Gasframleiðslan fór mjög hægt af stað eins og við var búist, en eftir um fjórar vikur fór hlutfall metans að aukast hægt en örugglega og er nú orðið yfir 45%. Stefnt er að því að ná því hlutfalli stöðugu í 65-70%. Hlutfall köfnunarefnis er enn yfir 30%, það fer stöðugt lækkandi. Í heild má segja að uppkeyrsla GAJA sé í ágætum farvegi, enda þótt seinkun hafi orðið á henni og umfang þess efnis sem kemur þar til vinnslu mætti vera meira. Þetta stendur til bóta því að vinnsla í MTFS kemst í fullan rekstur á næstu vikum. Fyrsta moltan ætti að koma úr vinnsluferli GAJA í desembermánuði og brýnt er að sigti og hreinsibúnaður fyrir moltu verði komin í gang á tilsettum tíma til að tryggja megi að moltan uppfylli væntanlegar kröfur í starfsleyfi.

- Áætlanagerð hefur verið í fullum gangi og á fundi 432 eru lögð fram drög fjárhagsáætlun samlagsins 2021-2025. Við þessa áætlanagerð hefur verið tekið tillit til þeirra viðamiklu breytinga sem eru framundan hjá samlaginu, hraðrar niðurtröppunar urðunar, stórfellds útflutnings á brennanlegu sorpi, gangsetningar GAJA og stækkaðrar MTFS. Skipulagsbreytingar í MTFS eru hluti af þessu, en með stórauðnu flækjustigi starfseminnar þarf að styrkja eininguna tæknilega, og innhýsa um leið sérhæfðri tæknivinnu sem lengi hefur verið aðkeypt hjá verkfræðstofum.
- Gjaldskrár samlagsins munu breytast um áramót og áætlanagerðin tekur einnig tillit til þeirra breytinga. Tillagan "Gjaldskrárbreytingar til að mæta kostnaði vegna hertra krafna um meðferð úrgangs" var kynnt framkvæmdastjórum eigenda samlagsins í byrjun júlí og fékk góðar viðtökur. Þar voru boðaðar gjaldskrárhækkningar til að mæta hertum kröfum um ráðstöfun úrgangs, sem hafa óumflýjanlega í för með sér aukinn rekstrarkostnað í starfsemi samlagsins. Hér er til dæmis átt við kostnað við rekstur gas- og jarðgerðarstöðvar en einnig kostnað vegna útflutnings á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu. Nú stendur yfir undirbúningur að víðtæku samráðsferli vegna þessara gjaldskrárbreytinga en gert er ráð fyrir að það standi yfir í fyrri hluta septembermánuðar og hin nýja gjaldskrá verði þar með formlega kynnt fyrir lok september, til að tími gefist fyrir atvinnulífið að laga sig að breytingunum áður en gjaldskráin tekur gildi um áramót.
- Innleiðing á nýju skipuriti samlagsins er í góðum farvegi og nú hafa tekið til starfa tveir nýir starfsmenn á nýstofnuðu fjármálasviði og tveir nýir starfsmenn á nýstofnaðri skrifstofu framkvæmdastjóra. Um leið eru mörg brýn mál á borði samlagsins komin í tryggar hendur og sem dæmi um þetta má nefna minnisblöð sem kynnt eru á 432. stjórnarfundum stjórnar, m.a. um fyrirætlanir um umbætur í innkaupamálum, samráðsferli vegna gjaldskrárhækkana, umbætur í upplýsingatæknimálum og markaðsþróun vegna metans og moltu. En sú hugmyndafræði sem liggur að baki hinu nýja skipuriti, og kalla mætti verkefnaemningu, er viss grundvallarbreyting í starfseminni og taka mun nokkurn tíma að festa hana í sessi. Hér er t.d. vísað til þess að ætlunin er að stofna þvergangandi vinnuhópa, m.a. fræðsluteymi, viðhaldsteymi og IT teymi, og efla þannig og styrkja samstarf, samskipti og samlegðaráhrif milli eininga samlagsins. Mikilvægt er að á næstu misserum verði mikil áhersla lögð á þessa vegferð til að hún strandi ekki á skeri.



AFURÐIR GAJA

Metan og molta

Jón Viggó Gunnarsson
Sérfræðingur í markaðs- og tækniþróun

GAJA framleiðsla

Afurðir:

- Metangas: 3 milljónir Nm³
- Núverandi framleiðslugeta á metani – 3,5 milljónir Nm³
- Jarðvegsbætir: 12.000 tonn



Metan – notkun

- Núverandi notkun á metani er tæp 1,9 m Nm³ á ári (2019).
- Stefnan var að gera metan að lykileldsneyti í orkuskiptum einkabílsins og í samgöngum.
- Hvorugt hefur gengið eftir.
- Við brennum tæp 1,7 m Nm³ af metani á ári eða svipað magn og er notað á ökutæki.


Metanstöðvar á Íslandi

Stöð/staðsetning	Fjöldi dæla
Olís/Mjódd	2
Olís/Glæsibæ	2
Skeljungur – Orkan/Miklabraut	2
N1/Bíldshöfða	4
Olís/Miðhúsabraut á Akureyri	2

Tafla 9. Magn notað af metani og sparaður útblástur

	2019 (Nm ³)	2019 (tonn)
Ökutæki	1.753.117	1.257
Metan til eigin nota	121.300	87
Metan í brennara	1.694.000	1.215
Alls sparað bensín (l)*	1.963.491	
Alls sparað CO ₂		
* 1,0 Nm ³ metan = 1,12 l bensín		

Hvað á að gera við metanið?



Markaðspróun

- Væntanleg aukning í afsetningu á næstu 12 mánuðum
 - ✓ Iðnaður – 0,9 m Nm³
 - ✓ Hugsanleg raforkuframleiðsla 1 MW - 2,2 m Nm³
 - ✓ Orkuskipti - 0,4 m Nm³
 - ✓ Nýir notendur samtals: 3,5 m Nm³
- Núverandi notkun: 1,9 m Nm³
- Framleiðsla: 5,5 - 6,5 m Nm³ á ári
- Óráðstafað: 0,1 - 1,1 m Nm³



GAJA moltan

Pungmálmar

	Molta (AIKAN)	PAS-100
	mg/kg	mg/kg
Cadmium	0,7	1,5
Blý	15	200
Kvikasilfur	0	1
Nikkel	13	50
Crom	12	100
Zink	320	400
Kopar	155	200

Markaðspróun Molta – samstarfsaðilar

- Skógræktarfélag Reykjavíkur – Skógrækt í Álfsnesi
- Skógræktarfélag Íslands – Skógrækt í kringum höfuðborgarsvæðið
- Landgræðslan – Notkun á moltu á gróðursnauðum svæðum
- Rootopia – Nýsköpun í ræktun á Íslandi
 - Nýta moltu í framleiðslu skógarplantna, smita skógarplöntur hagnýtum jarðvegsörverum og bæta með því lifun og æskuvöxt plantnanna
 - Rootopia rannsakar ræktun ýmissa matjurta og trjátegunda í moltu og getur kannað hversu vel mismunandi molta hentar fyrir mismunandi plöntur.



V / framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Þessi samantekt er til upplýsinga um bókaðar fjárfestingar hjá SORPU bs. vegna GAJA. Áfallinn kostnaður vegna byggingarinnar skv. bókhaldi SORPU bs. er sem hér segir:

Tímabil	Greiddur kostnaður
Áfallið fyrir júlí 2018	758,2
Júlí 2018	49,3
Ágúst 2018	52,5
September 2018	134,0
Október 2018	195,9
Nóvember 2018	203,7
Desember 2018	135,1
Janúar 2019	268,3
Febrúar 2019	209,9
Mars 2019	267,3
Apríl 2019	141,9
Maí 2019	309,9
Júní 2019	327,2
Júlí 2019	399,1
Ágúst 2019	244,2
September 2019	260,1
Október 2019	289,6
Nóvember 2019	182,9
Desember 2019	182,2
Janúar 2020	146,5
Febrúar 2020	178,5
Mars 2020	161,7
Apríl 2020	17,3
Maí 2020	72,1
Júní 2020	22,3
Júlí 2020*	1,4
Samtals	5211,1

Heildarkostnaður við sjálfa verkframkvæmdina frá því skrifað var undir samning við verktaka í júlí 2018 skv. ofangreindu er nú kr. 4.452,9 mkr. Skv. framvinduskýrslu Mannvits dags. 26 ágúst 2020 er áætlað að heildarkostnaður verði 4.565 mkr. með vikmörkum +2%.

SORPA bs. hefur fram til þessa áætlað að verkið (bygging á GAJA) myndi enda í efri mörkum áætlunar Mannvits sem áður hefur verið sett fram eða í um 4.525 mkr. **Ný kostnaðaráætlun Mannvits með +2% frávikum er 4.565 mkr. sem er hækkun um 40 mkr.**

Virðingarfyllt,

Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Fjármálastjóri

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 26. ágúst 2020

v / stækkun móttökustöðvar – framvinda

Þessi samantekt er einungis til upplýsinga um bókaðar fjárfestingar hjá SORPU bs. vegna stækkunar á MTFS en ekki hefur borist uppfærð framvinduskýrsla frá Mannviti vegna sumarleyfa.

Áfallinn kostnaður vegna stækkunar skv. bókhaldi SORPU bs. er sem hér segir:

Mánuður	Útgjöld, m. kr.
Frá áramótum til loka apríl 2019	29,2
Maí 2019	27,6
Júní 2019	44,2
Júlí 2019	51,1
Ágúst 2019	45,0
September 2019	59,2
Október 2019	43,6
Nóvember 2019	32,3
Desember 2019	25,6
Janúar 2020	15,1
Febrúar 2020	9,1
Mars 2020	2,8
Apríl 2020	1,5
Maí 2020	11,2
Júní 2020	13,1
Júlí 2020	19,3
Samtals	429,9

Ofangreind áfallin útgjöld eru vegna hönnunar, útboðs, eftirlits, gatnagerðargjalda og framkvæmda við byggingu. Bókfærður kostnaður vegna þessa er 400,4 mkr. af ofangreindir áætlun. SORPA hefur gert ráð fyrir að verkefnið endi í efri mörkum áætlunar eða í 430 mkr. Kostnaður miðað við 31.07.2020 er kominn í 429,9 mkr.

Virðingarfyllt,

Guðrún Eva Jóhannesdóttir
fjármálastjóri

v / tækjabúnaður í móttökustöð – framvinda

Þessi samantekt er einungis til upplýsinga um bókaðar fjárfestingar hjá SORPU bs. vegna tækjabúnaðar í MTFS en ekki hefur borist uppfærð framvinduskýrsla frá Mannviti vegna sumarleyfa.

Áfallinn kostnaður vegna tækjabúnaðar skv. bókhaldi SORPU bs. er sem hér segir:

Mánuður	Samtals mkr.
Febrúar – Maí 2019	30,8
Júní 2019	12,2
Júlí 2019	12,6
Ágúst 2019	8,9
September 2019	33,9
Október 2019	134,7
Nóvember 2019	46,8
*Desember 2019	59,6
Janúar 2020	42,4
Febrúar 2020	55,0
Mars 2020	95,0
Apríl 2020	77,4
Maí 2020	75,7
Júní 2020	52,4
Júlí 2020	36,2
SAMTALS	773,6

* Inni í fyrri tölum vegna desember í fyrri framvindusamantekt (vegna bókhaldslegra reglna) voru færð inn erlend tækjakaup að upphæð 148 mkr sem eru í framleiðslu eða í flutningi fyrir uppgjörslok. Þau eru bakfærð 31. mars 2020 og munu bókast inn eftir því sem tækin koma til landsins 2020.

Skv. stöðuskýrslu Mannvits 26. ágúst 2020 er uppfærð kostnaðaráætlun á verkið um 912 mkr. en fram til þessa hefur SORPA gert ráð fyrir að það myndi enda í efri mörkum kostnaðaráætlunar frá því í ágúst 2019 sem er 833 mkr. (í 10% óvissumörkum. **Hér er því um umtalsverða hækkun að ræða eða um 79 mkr. hækkun.**

Virðingarfyllst,

Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Fjármálastjóri